

# NÁMSKRÁ

Félagsliðagátt



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ  
ATVINNULÍFSINS

**NAFN NÁMSKRÁR**

Félagliðagátt

Námskrá númer 21-511-2-1720

**VINNUSTUNDIR NÁMSMANNNS**

1720 klukkustundir

**HVERJUM ÆTLAÐ**

Fullorðnu fólki á vinnumarkaði eldra en 18 ára sem hefur stutta formlega skólagöngu að baki

**FJÖLDI EININGA**

86 framhaldsskólaeiningar

**ÚTGEFANDI**

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fyrsta útgáfa 2021



## Efnisyfirlit

NÁMSKRÁ .....	2
TITILL .....	2
LÝSING.....	2
FÉLAGSLIÐAGÁTT FELUR EINNIG Í SÉR UNDIRBÚNING FYRIR NÁM FÉLAGSLIÐA .....	2
INNÞÖKUSKILYRÐI .....	2
MARKHÓPUR.....	2
HÆFNIVIÐMIÐ.....	3
SKIPULAG .....	4
<i>Námsmat</i> .....	4
<i>Starfsnám</i> .....	5
<i>Vinnustundir</i> .....	5
YFIRLITSTAFLA .....	6
NÁMSÞÆTTIR.....	7
<i>Aðstoð og umönnun</i> F-ASUM2UA(5) .....	7
<i>Enska fyrir félaggliða</i> F-ENSK2FK(79).....	8
<i>Félagsleg virkni</i> F-FÉVI2FV(3) .....	9
<i>Fjölskyldan og félagsleg þjónusta</i> F-FSFP2FJ(5).....	10
<i>Fötlun</i> F- FÖFR1FP (3).....	11
<i>Fatlanir og samfélagið</i> F-FÖFR2MF(3) .....	12
<i>Gagnrýnin hugsun og siðfræði</i> F-SIÐF2GH(9) .....	13
<i>Hegðun og atferlismótun</i> F-SÁLF2HM(36) .....	14
<i>Íslenska fyrir félaggliða</i> F-ÍSLE2TT(67).....	15
<i>Kynja- og jafnréttisfræðsla</i> F-KYNJ2KG(8).....	16
<i>Lyfjafraði</i> F-LYFJ2LF(8) .....	17
<i>Næringarfræði</i> F-NÆRG2NF(4) .....	18
<i>Óhefðbundin samskipti</i> F- ÓHSA2ÓS (3) .....	19
<i>Samvinna og samskipti</i> F-SAMS1SS(9) .....	20
<i>Skyndihjálp</i> F-SKYN2SP(11) .....	21
<i>Stærðfræði fyrir félaggliða</i> F-STÆR2EÆ(123).....	22
<i>Upplýsingatækni</i> F-UPPT2UT(8) .....	23
<i>Öldrun</i> F-ÖLFR1ÖL(3) .....	24
<i>Öldrun og samfélag</i> F-ÖLFR2ÖS(4).....	25
VIÐAUKAR .....	26

## Námskrá

Vísað er til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ([www.frae.is](http://www.frae.is)) á lista yfir hugtök í námskrám, námslýsingum FA og fyrir raunfærniamat.

## Titill Félagsliðagátt

## Lýsing

Félagsliðagátt er sett fram með það að markmiði að auka þekkingu, færni og fagkunnáttu þeirra sem sinna einstaklingum sem þurfa aðstoð eða sérhæfða þjónustu við athafnir daglegs lífs. Nemar takast á við verkefni samkvæmt verklýsingu og fyrirmælum, efla eigið læsi á aðstæður og verkefni þar sem lausnir eru ekki sjálfgefnar en krefjast þekkingar, hugkvæmni og hæfni í samskiptum, rökvísi og leikni í lýðræðislegum vinnubrögðum. Námið felur í sér þjálfun til að styðja við og efla færni þjónustunotenda við athafnir daglegs lífs, stuðla að auknu sjálfstæði þeirra og jákvæðri sjálfsmynd. Þjálfaðar eru aðferðir til að greina, skilja og virða þarfir fólks til að auka líkamleg, félagsleg, tilfinningaleg og efnisleg lífsgæði þjónustunotenda.

Félagsliðagátt felur einnig í sér undirbúning fyrir nám félagsliða á þriðja þrepi í framhaldsskóla. Nemar sem ljúka námi samkvæmt námskránni starfa á sviði félagslegrar endurhæfingar og virkniúrræða með fólki sem þarf sérstakan stuðning vegna félagslegra aðstæðna, veikinda, öldrunar, þorskaraskana eða hvers konar áfalla.

### Hæfniprep

Námskráin Félagsliðagátt er skilgreind á öðru þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Til námsloka sem félagsliði þarf að taka þá áfanga námsins sem eru á þriðja hæfniprepi hjá framhaldsskóla.

Námskráin er 1720 klukkustundir og samsvarar 86 framhaldsskólaeiningum. Fyrir liggur samkomulag milli FA og Borgarholtsskóla um að námseiningar þessarar námskrár eru að fullu metnar inn í skólann til námsloka félagsliða á þriðja hæfniprepi. Námskránni fylgir viðauki sem birtur er í pdf skjali námskrárinnar á vef FA ([frae.is](http://frae.is)). Viðaukinn inniheldur m.a. þrjár yfirlitstöflur um námið í heild til að auðvelda yfirsýn yfir möguleika í tengslum við námið. Nemar með mikla starfsreynslu eiga möguleika á mati ákveðinna námsþátta Félagsliðabrautar BHS eins og sjá má í töflu í viðauka. Alls getur slíkt mat getur náð 35 einingum eða fleiri og heildarfjöldi staðinna eininga getur því orðið um 116 einingar.

## Inntökuskilyrði

Fullorðin fólk á vinnumarkaði með starfsreynslu sem jafngildir a.m.k. þriggja ára starfsreynslu, um 200 – 240 klukkustunda fagtengd námskeið og þá hæfni sem þarf til að takast á við alla hluta námsins. Að standast a.m.k. fyrri námsþátt vinnustaðanáms (sbr. tafla 2 í viðauka þessa skjals). Þar sem við á getur þurft að taka fyrsta þreps námsþátt í íslensku, ensku eða stærðfræði í upphafi náms. Slíkt er í samræmi við almenn inntökuskilyrði í námið.

Gert er ráð fyrir að umsækjendur standist mat í þeim 7 námsþáttum samkvæmt töflu 2 í viðauka (6\*5 og 15+5, alls 50 einingar) sem ekki eru í hluti af námskrá FA en má m.a. sjá á vef BHS og á [namskra.is](http://namskra.is). Skammstöfun námsþáttanna af vef BHS kemur fram í töflunni til þægindarauka við leit.

## Markhópur

- ✓ einstaklingar með stutta skólagöngu að baki
- ✓ einstaklingar á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki
- ✓ einstaklingar sem vilja efla starfshæfni sína
- ✓ starfsmenn í atvinnulífi með þörf fyrir aukna þekkingu og hæfni
- ✓ einstaklingar sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku
- ✓ einstaklingar með þörf fyrir að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan formlegs framhaldsskóla- og háskólakerfis

- ✓ einstaklingar með nám og reynslu sem aflað hefur verið utan formlega skólakerfisins.

## Hæfniviðmið

Hæfniviðmið mæla þá hæfni sem nemandur þurfa að búa yfir að námi loknu, þau lýsa færni/stöðu námsmanns við námslok og endurspeglar breyttar áherslur í fræðslumálum um allan heim. Þannig er neminn í brennidepli svo sjónarhorninu hefur verið snúið frá því að horfa á hvað leiðbeinandinn gerir yfir í það að horfa á hvaða hæfni nemi þarf að búa yfir við námslok.

Áður:	Nú:
<ul style="list-style-type: none"><li>• Kennsla</li><li>• Hvað þarf að kenna einstaklingi?</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Færniuppbygging</li><li>• Hvaða færni þarf einstaklingurinn að búa yfir við námslok?</li></ul>

Almennt eru notaðar tvær gerðir hæfniviðmiða, hæfniviðmið (lokaviðmið) náms/námsleiða og hæfniviðmið námsþátta (áfanga). Námið er í forgrunni og hæfniviðmiðin segja til um hvaða þekkingu, leikni og hæfni þarf að búa yfir að námi loknu. Hæfniviðmiðin skulu vera mælanleg og því mikilvægt að þau séu skýrt orðuð og beri með sér hvað nemi á að geta gert við námslok.

Hæfniviðmið varða bæði afmarkaða þætti þekkingar og leikni en einnig langtímamarkmið. Þau vísa til þekkingar jafnt sem vinnubrögða. Hver námsþáttur hefur skilgreind hæfniviðmið sem námsfólk hefur kost á að uppfylla með mismunandi hætti og er viðmiðunum lýst með hverjum námsþætti fyrir sig. Auk þess eru sett hæfniviðmið fyrir lok námsleiðarinnar sem heildar og eru þau hér fyrir neðan.

## Hæfniviðmið náms

Við námslok skal námsfólk búa yfir færni hæfniviðmiðanna. Vísað er til hæfniviðmiða hvers námsþátta.

### Þekkingarviðmið

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á

- mikilvægi faglegra samskipta
- eign ábyrgð í samskiptum
- tegundum skerðinga sem leiða til fötlunar
- öldrunarferlinu og breytingum sem fylgja því að eldast
- margbreytileika mannglegra aðstæðna og mikilvægi þess að sýna fólki virðingu
- almennri þjónustu sem veitt er af ríki, sveitarfélögum og hagsmunasamtökum
- helstu þáttum félagslegrar þjónustu og forsendum réttinda
- helstu stefnum í öldrunarmálum hér á landi.

### Leikniviðmið

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að

- aðstoða einstaklinga við athafnir daglegs lífs og styðja þá til sjálfshjálpar
- upplýsa þjónustunotendur um almenna þjónustu sem ríki, sveitarfélög og hagsmunasamtök veita
- rýna lög og reglugerðir í tengslum við réttindi til félagslegrar þjónustu
- vinna samkvæmt lögum og reglugerðum sem starfið byggir á
- setja sig í spor annarra
- huga að vinnuvernd, öryggi á vinnustað og veita skyndihjálp ef svo ber við.

### Hæfniviðmið

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að

- nýta lausnarmiðuð samskipti við þjónustunotendur, aðstandendur og samstarfsaðila
- lesa í þarfir og meta sjálfsbjargargetu einstaklinga
- skipuleggja frístundastarf á fjölbreyttan hátt með þarfir ólíkra einstaklinga í huga
- leiðbeina einstaklingum og fjölskyldum um val á úrræðum
- ástunda sjálfstæð vinnubrögð og yfirfæra reynslu þegar tekist er á við ný verkefni
- takast á við áframhaldandi nám til námsloka félagsliða á 3. þrepi.

## Skipulag

Námið er starfstengt, mest bóklegt en einnig að hluta verklegt. Verklegir þættir snúa bæði að vinnustaða- og starfsnámi. Námskráin byggir nánast alfarið á skyldufögum en þó er bundið val milli tveggja námsþátta eins og sést í yfirlitstöflu námskrárinnar.

Gera þarf ráð fyrir ólíkum þörfum námsfólks við upphaf náms með tilliti til viðfangsefna og stuðnings við hæfi til að styrkja og aðstoða nema við að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsþættir eru flestir á öðru hæfniprepi. Verkefnastjóri náms hjá fræðsluaðila metur umsækjendur inn í námið og jafnframt hvort þörf er fyrir undirbúningsnám í tengslum við inntökuskilyrði. Auk þess meta leiðbeinendur forþekkingu við upphaf hvers námsþáttar. Þessi námskrá er stór hluti af námi til félagsliða að þriðja hæfniprepi. Námið er öllu jöfnu skipulagt sem fjögurra anna nám en fræðsluaðili getur þó útfært það í samræmi við þarfir markhóps hverju sinni.

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra sem hefur umsjón með námsleiðinni, nemendahópnum, leiðbeinendum og allri framkvæmd. Einnig að leiðbeinendur skili og kynni nemendum kennsluáætlun hvers námsþáttar. Til að fá námið metið að fullu í framhaldsskóla verða leiðbeinendur í námsþáttunum Hegðun og atferlismótun og Kynjafræði að hafa sérþekkingu á viðfangsefninu.

Í kennsluáætlun koma fram upplýsingar um kennsluáðferðir, námsefni, hæfniviðmið og námsmat auk tímasetninga á yfirferð efnisþátta og verkefnaskila þar sem við á. Verkefnastjóri sér til þess að námsþættir séu samþættir eins og kostur er og í rökréttu samhengi auk þess að skipuleggja hvernig tíma hvers námsþáttar er varið, undir leiðsögn leiðbeinanda annars vegar og í sjálfstætt nám hins vegar. Áhersla er á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluáðferðir sem henta fullorðnum, beiti samþættingu og leitist við að nota hversdagsleg viðfangsefni í innlögn og verkefni. Heimavinna er mismikil eftir námsþáttum og einstaklingum.

Verkefnastjóri náms og/eða yfirmaður þjálfunar á vinnustað fylgist með framvindu, tryggir að þjálfun nái til allra þátta náms og styðji nema í því sem snýr að starfsþjálfun. Slíkt má til dæmis að hluta gera með lokaverkefni þar sem unnið er með alla þætti námsins.

## Námsmat

Námsárangur er metinn út frá hæfniviðmiðum (lærdómsviðmiðum) námsins og er lýst í kennsluáætlun með áherslu á leiðsagnamat og endurgjöf. Við mat á hæfni skoðast þátttaka nema auk mælikvarða á hvaða þekkingu og leikni nemi þurfi að búa yfir til að vera fær um að gera það sem lýst er í hæfniviðmiðum.

Áhersla er lögð á að leiðbeinandi og nemi fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig nemum gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsmat nýtist sem staðfesting á námsárangri og sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

Námið er að fullu metið til námsloka félagsliða á þriðja hæfniprepi. Vísast í því samhengi til síðustu efnisgreinar í frétt (<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/04/28/Stefnt-ad-nyju-nami-fyrir-felagsliða-haustid-2020/>) af vef stjórnarráðsins frá 28. apríl 2020:

*Stefnt er að því að kennsla hefjist skv. nýrri námskrá haustið 2020 en ný námskrá er í staðfestingarferli. Þá er verið að endurskrifa starfstengda námskrá innan framhaldsfræðsluferfisins m.t.t. samfellu í námi og mati á hæfni. Það nám verður að fullu metið til nýrra námsloka í framhaldsskóla. Fullorðnir námsmenn munu því áfram geta valið sér námsfyrirkomulag samhliða starfi eða sem lið í starfsþróun.*

Til að ljúka námsþáttum þessarar námskrár og fá þá metna inn í áframhaldandi nám til námsloka fyrir félagsliða, á þriðja hæfniprepi, þurfa nemi að uppfylla 50% hæfniviðmiða hvers námsþáttar hið minnsta.

## Mat á framkvæmd náms

Auk þess að meta eigin stöðu þá metur námsmaður einnig námið, markmið þess, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti námsins. Fræðsluaðili sér til þess að þetta mat fari fram með könnun eða öðrum áreiðanlegum hætti.

Námsmaður skal leggja mat á:

- námið og markmið þess
- skipulag námsins
- hæfni leiðbeinanda
- aðbúnað á kennslustað og veitta þjónustu.

Með þessu hefur námsmaður öðlast hæfni í að:

- taka þá ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfan sig og aðra



- 
- leggja mat á markmið sín og framfarir sínar í náminu.

## Starfsnám

Bæði vinnustaða- og starfsnám er hluti af námi til félagssliða. Hvorugt er beinn hluti af þessari námskrá en gert er ráð fyrir (raunfærni)mati á starfsreynslu á mótí vinnustaðanámi. Vísað er til inntökuskilyrða og til viðauka í pdf útgáfu námskrárinnar á vef FA til nánari skýringa.

## Mat á starfsreynslu

Fólk með umtalsverða reynslu af störfum sem tengjast beint þeim sem nám fyrir félagssliða veitir undirbúning fyrir eiga kost á að fá reynsluna metna til námseininga á framhaldsskólastigi. Almennt er miðað við a.m.k. þriggja ára starfsreynslu eða í sérstökum tilvikum fullt starf í eitt ár að lágmarki og að hafa náð 23ja ára aldri til að eiga kost á að komast í slíkt mat.

## Vinnustundir

1720 klukkustunda vinna nema.

## Yfirlitstafla

### Félagsliðagátt

Tafla 1: Heildarútlit, skipulag

Tími er í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. Fræðslu	Klst. framlag-viðbót	Eining	Þrep
Aðstoð og umönnun	F-ASUM2UA (5)	100	35	65	5	2
Enska fyrir félagsliða	F-ENSK2FK (79)	100	40	63	5	2
Félagsleg virkni	F-FÉVI2FV(3)	100	37	63	5	2
Fjölskyldan og félagsleg þjónusta	F-FSP2FJ (5)	100	40	60	5	2
Fötlun	F- FÖFR1FÞ (3)	100	30	70	5	1
Fatlanir og samfélagið *	F-FÖFR2MF (3)	100	40	60	5	2
Gagnrýnin hugsun og siðfræði	F-SIÐF2GH (9)	100	40	60	5	2
Hegðun og atferlismótun (sálfr)	F-SÁLF2HM (36)	100	45	55	5	2
Íslenska fyrir félagsliða	F-ÍSLE2TT (67)	100	36	64	5	2
Kynja- og jafnréttisfræðsla	F-KYNJ2KG (8)	100	40	60	5	2
Lyfjafræði	F-LYFJ2LF (8)	100	40	60	5	2
Næringarfræði	F-NÆRG2NF (4)	100	45	55	5	2
Óhefðbundin samskipti	F- ÓHSA2ÓS (3)	100	40	60	5	2
Samvinna og samskipti	F-SAMS1SS (9)	100	30	70	5	1
Skyndihjálp	F-SKYN2SP (11)	20	12	8	1	2
Stærðfræði fyrir félagsliða	F-STÆR2EÆ (123)	100	40	60	5	2
Upplýsingatækni	F-UPPT2UT (8)	100	35	65	5	2
Öldrun	F-ÖLFR1ÖL (3)	100	30	70	5	1
Öldrun og samfélag *	F-ÖLFR2ÖS (4)	100	40	60	5	2
ALLS <sup>1</sup>		1820			91	
<b>Vinnuframlag námsmanns</b>		<b>1720</b>	660	1060	<b>86</b>	

Tölur í sviga í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is

\* Val milli námsþátta, bundið val. Nemi velur annan tveggja námsþátta á öðru þrepi. Í framhaldi til námsloka á þriðja þrepi bætist við einn námsþáttur sama valfags á þriðja þrepi.

Frjálst val: Já. Bundið val milli tveggja námsþátta sem er sérhæfing í starfi á fötlunarlinu eða á öldrunarlinu. Nemar velja annaðhvort Fatlanir og samfélag eða Öldrun og samfélag.

### Kennaraupplýsingar

Lýsingar og hæfniviðmið námsþátta byggja á áfangalýsingum frá Borgarholtsskóla. Til að ljúka námsþáttum þessarar námskrár og fá þá metna inn í áframhaldandi nám til námsloka fyrir félagsliða, á þriðja þrepi hæfniramma um íslenska menntun, þurfa nemar að uppfylla 50% hæfniviðmiða hvers námsþáttar hið minnsta.

<sup>1</sup> Val er um fötlunarlinu eða öldrunarlinu (heildareiningafjöldi nema er 86 fein), val um annan \* námsþáttinn.



## Námsþættir

Heiti námsþátta kemur fram í yfirlitstöflu hér að framan, nánari lýsing er á hverjum námsþætti hér á eftir. Heitin eru lýsandi fyrir hvert fag. Þar fyrir aftan eru einkenni námsþátta úr namskra.is

### Aðstoð og umönnun

F-ASUM2UA(5)

<b>Þrep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	100
<b>Námshgrein</b>	Aðstoð og umönnun
<b>Viðfangsefni</b>	Umönnun, aðhlyning

### Lýsing

Námsþátturinn fjallar um helstu atriði er varða líkamlega umönnun og aðhlyningu fólks með skerta sjálfsbjargargetu. Fræðsla og þjálfun í að nota einföld hjúkrunartæki auk hjálpar- og stoðtækja. Fjallað er um mikilvægi sýkingavarna við umönnunarstörf. Kynntir eru algengir sjúkdómar á borð við smitsjúkdóma, hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki og krabbamein. Nemar fá góða innsýn í kerfi almannatrygginga og helstu reglur er varða aðgengi að almannatryggingum. Gefin er greinargóð innsýn í skipulag heimþjónustu.

**Forkröfur:** Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþátta

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig sjálfsbjargargeta fólks er metin
- leiðum til að aðstoða og túlka óskir einstaklinga við grundvallarathafnir daglegs lífs
- notkun algengra hjúkrunar-, hjálpar- og stoðtækja
- umhirðu húðar og vörnum gegn myndun sýkinga og legusára
- tannburstun og mötun
- aðstoð við heyrnarskerta, sjónskerta, blinda og daufblinda
- almannatryggingum
- aðgengi og ferlimálum.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- styrkja og hvetja einstaklinga til félagslegrar virkni og þátttöku í samfélaginu
- aðstoða einstaklinga við grundvallarathafnir daglegs lífs og styðja til sjálfshjálpar
- nota algeng hjálpar- og stoðtæki
- sinna eftirliti með þvagleka, bleyjunotkun og þvaggpoka
- aðstoða einstaklinga við munnumhirðu og að matast
- aðstoða fólk með heyrnar- og sjónskerðingar
- skoða aðgengi að byggingum.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- lesa í þarfir og meta sjálfsbjargargetu fólks
- framkvæma aðgerðir eins og að mæla hita og tæma þvaggpoka
- aðstoða einstaklinga við almenna umhirðu og notkun stoðtækja
- annast einstaklinga með sjúkdóma og bregðast við aðstæðum sem geta komið upp
- aðstoða fólk við að leita upplýsinga um réttindi sín
- skoða og bera saman aðgengi fatlaðs fólks.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum, munnlegum og skriflegum, með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Verkefni í formi einstaklings-, hópa-, umræðu- og netverkefna, auk verklegra æfinga.

## Enska fyrir félagsliða

F-ENSK2FK(79)

<b>Þrep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	100
<b>Námsgrein</b>	Enska
<b>Viðfangsefni</b>	fagenska fyrir félagsliða

## Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er þjálfun í tengslum við fagensku fyrir félagsliða.

**Lestur og hlustun:** Lesnar eru fagbækur, tímarit og hlustað á texta með áherslu á einfaldara mál og orðaforða daglegs lífs. Einnig eru lesnar greinar á fagsviði og hlustað á tengt efni, t.d. fyrirlestra af netinu og fleira.

**Ritun:** Ritunarverkefni eru tengd reynslu úr daglegu lífi og er notast við óhefðbundnar kennsluaðferðir sem miða að því að horfa út fyrir „kennslustofuna“. Nemar þjálfast í ritun dagbóka og þjálfast í orðaforða og ritun orða.

**Tjáning:** Nemar gera verkefni sem byggja á þeirra eigin reynsluheimi og taka munnleg próf úr innihaldi hagnýtra texta. Þjálfun í að halda stutta fyrirlestra og gera talæfingar í tímum.

**Málfræði og stafsetning:** Upprifjun á grunnatriðum málfræði í tengslum við hagnýta þætti og unnið með hana í tengslum við lestur, ritun og tjáningu.

**Orðaforði:** Unnið með sértækan fagorðaforða sem þjálfar og auðveldar nemum að bæta við sig menntun að loknu þessu námi. Auk þess er farið í fræðilegan (akademískan) orðaforða.

Forkröfur: Enska á fyrsta þrepi, grunnskólapróf með B (7 eða hærra)

## Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- nýjum orðaforða
- geta notað helstu málfræðiatríði á réttan hátt í mæltu og rituðu máli
- ritun texta á ensku
- tjáningu á ensku
- hlustun á ensku.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa og skilja texta á einfaldara máli, svo sem blaðgreinar, bæklinga og skáldsögur til að auka á orðaforða og afla upplýsinga
- undirbúa og flytja stuttar kynningar (frásagnir) um valið efni
- skrifa texta um kunnugleg málefni
- hlusta á enska tungu og skilja inntak efnisins.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- tala og skrifa á viðeigandi hátt um kunnuglegt efni út frá mismunandi aðstæðum
- beita málinu eftir aðstæðum með því að segja frá eigin reynslu
- hlusta eftir upplýsingum og nota í umræðum um fagtengd málefni
- nota hjálpargögn við skrif á samfelldum texta, svo sem orðabækur og leiðréttingarforrit
- geta skilið samræður í mismunandi aðstæðum
- greina frá aðalatriðum ýmis konar texta og finna upplýsingar í texta til að svara einföldum spurningum.

## Námsmat

Símat með fjölbreyttu leiðsagnarmati, munnlegu og skriflegu, sem byggir á vinnu og virkni nema og er samfíð kennslu. Verkefni í formi einstaklings-, hópa-, umræðu- og netverkefna.

## Félagsleg virkni

F-FÉVI2FV(3)

<b>Þrep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	100
<b>Námsgrein</b>	Félagsleg virkni
<b>Viðfangsefni</b>	Frístund, virkni

## Lýsing

Fjallað er um þróun frístundastarfs og hugmyndafræði, m.t.t. félagssálfræði og hugmynda um vöxt og þróun einstaklings. Rædd helstu hugtök og þjónustuleiðir á sviði frístunda, m.a. hjá sveitarfélögum, heilbrigðis- og skólakerfis og nemar hvattir til skapandi hugsunar á möguleikum í frístundastarfi. Fjallað er um notendur félags- og heilbrigðisþjónustu og helstu aðferðir til að meta þarfir og leiðir í frístundastarfi. Áhersla er á að námsfólk læri að standa fyrir og skipuleggja frístundastarf á fjölbreyttan hátt í tengslum við þarfir ólíkra einstaklinga. Rætt er mikilvægi þess að skynja og virða þarfir ólíkra einstaklinga í frístundastarfi óháð heilsufari, hömlun, fötlun eða félagslegri stöðu. Fjallað er um tengsl frítímafræða við alþjóðlegt umhverfi og samstarf við aðrar þjóðir. Helstu hugtök og hugmyndafræði frítímafræða eru kynnt. Hugtökin lýðheilsa og iðja rædd og komið inn á þjónustuleiðir í opinberum og í einkarekstri. Kynntar eru niðurstöður nýlegra æskulýðsrannsókna og fjallað um hagnýtingu þeirra við mótun á stefnu og starfi á vettvangi frítíma. Áhersla er á að nemi læri að skipuleggja og standa fyrir fjölbreyttu frístundastarfi.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

## Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi og umfangi frístunda á mismunandi æviskeiðum og hvernig þær tengjast lífstíl einstaklings
- hvar frístundastarf fer aðallega fram í samfélaginu og á hverra vegum
- áhrifum sem heilsubrestur, fötlun, hömlun og félagsleg staða getur haft á möguleika til frístundastarfs
- forvarnastarfi og hlutverki þess
- tengslum frítímafræða við alþjóðlegt umhverfi og samstarf við aðrar þjóðir
- skipulagningu á fjölbreyttu frístundastarfi
- opinberum og einkareknum þjónustuleiðum.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- skrá og afla upplýsinga hjá notendum og samstarfsfólki um frístundavirkni einstaklinga
- ræða og miðla vitneskju um mismunandi hlutverk iðju í víðu samhengi
- segja frá forvarnastarfi og hvaða hlutverki það gegnir
- skrá niðurstöður æskulýðsrannsókna, fjalla um hagnýtingu þeirra við mótun starfs og stefnu frítímans
- skipuleggja og standa fyrir fjölbreyttu frístundastarfi.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- fjalla um markmið, eftirfylgni og helstu aðferðir til að meta frístundastarf
- ræða mikilvægi fjölskyldu, vana og annarra aðila í nánasta umhverfi notenda á virkni í frístundastarfi
- lýsa áhrifum hömlunar og félagslegrar stöðu við notendur og möguleika þeirra til frístundastarfs
- ræða helstu hugtök frítímafræðinnar og hugmyndafræði fagsins
- ræða þjónustu ríkis, sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila á vettvangi frítíma
- fjalla um hugtakið lýðheilsa.

## Námsmat

Fjölbreytt leiðsagnarmat samfið kennslu, byggir á vinnu og virkni nema. Verkefni í formi einstaklings-, hópa-, umræðu- og netverkefni.

## Fjölskyldan og félagsleg þjónusta

F-FSFP2FJ(5)

<b>Þrep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	100
<b>Námsgrein</b>	Fjölskyldan og félagsleg þjónusta
<b>Viðfangsefni</b>	Fjölskyldan og félagsleg þjónusta

### Lýsing

Í sögulegu samhengi er fjallað er um fjölbreytileika helstu fjölskyldugerða í nútímasamfélagi og breytingar sem hafa orðið á hlutverki fjölskyldunnar og breytt fjölskyldumynstur samtímans. Rætt er um ólíkar félagslegar þarfir innan fjölskyldna og félagslega erfiðleika sem geta komið fram innan fjölskyldna. Megin þættir félagslegrar þjónustu og hverjar eru forsendur réttinda til þjónustu. Auk þess er lagalegur réttur fólks til félagslegrar þjónustu skoðaður ítarlega.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- fjölbreytileika fjölskyldna í íslensku samfélagi og breyttu hlutverki fjölskyldunnar í nútímasamfélagi
- helstu þáttum félagslegrar þjónustu og forsendum réttinda
- barnaverndarlögum
- þörfum fjölskyldna vegna félagslegra aðstæðna, s.s. vímuefna, ofbeldis, fjárhags eða samskipta
- fjölskyldum seinfærra foreldra
- mikilvægi þess að afla upplýsinga og vísa fólki áfram til að leita lausna í erfiðri stöðu
- mikilvægi víðsýni og umburðarlyndis í þjónustu við fólk í fjölbreyttum erfiðum aðstæðum.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- greina þarfir ólíkra fjölskyldugerða
- rýna lög og reglugerðir til að gera sér grein fyrir forsendum réttinda til félagslegrar þjónustu
- greina ólíkar aðstæður barna út frá réttindum þeirra og velferð
- greina flóknar aðstæður fjölskyldna sem glíma við félagsleg og/eða persónuleg mál
- afla og miðla upplýsingum um þjónustu fyrir fjölskyldur.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- leiðbeina einstaklingum og fjölskyldum með rökstuddu vali úrræða
- vinna að velferð barna í erfiðum aðstæðum
- miðla þekkingu og fordómaleysi til að koma til móts við og þjónusta fólk í ólíkum aðstæðum
- ástunda sjálfstæð vinnubrögð og yfirfæra reynslu þegar tekist er á við ný verkefni.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat, munnlegt og skriflegt, samofið kennslu. Verkefni ýmist í formi einstaklings-, hópa-, umræðu- og netverkefni.

## Fötlun

F- FÖFR1FP (3)

<b>Þrep</b>	1
<b>Vinnustundir</b>	100
<b>Námsgrein</b>	Fötlun
<b>Viðfangsefni</b>	Fötlun og samfélag

### Lýsing

Kynnt eru ýmis frávík á andlegum og líkamlegum skerðingum sem leiða til fötlunar. Fjallað um skilgreiningar á ólíkum tegundum skerðinga, einkennum og orsökum. Leitast er við að skoða hvaða áhrif mismunandi fötlun hefur mögulega á félagslega stöðu og skólagöngu fatlaðs fólks. Rætt um mikilvægi frumgreiningar og snemmtækrar íhlutunar auk þjálfunar- og meðferðarþarfa fólks sem býr við fötlun. Fjallað er um áhrif fötlunar á einstaklinginn og fjölskylduna, mikilvægi viðeigandi aðstoðar, stuðnings og hvað leiðir eru færar til að leita réttar sem fólki ber. Áhersla er á að efla skilning námsfólks á margbreytileika mannlegra aðstæðna og mikilvægi þess að bera virðingu fyrir fólki.

**Forkröfur:** Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu tegundum og einkennum skerðinga
- helstu skilgreiningum á hugtakinu þroskahömlun og þáttum sem vekja grun um þroskaröskun
- hvert skuli leita ef grunur vaknar um þroskafrávík hjá barni
- mikilvægi þess að nálgast stuðning eða sérþekkingu vegna frávika
- helstu þjálfunar- og meðferðarþörfum fatlaðra
- áhrifum sem fötlun getur haft á einstakling og fjölskylduna.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- þekkja skerðingar, helstu orsakir og einkenni
- ræða skilgreiningar á fötlun og þroskahömlun
- taka þátt í þjálfunar- og meðferðarúræðum sem beitt er
- leita upplýsinga um fatlanir og hagsmunafélög þeim tengdum
- miðla upplýsingum um sérúræði fyrir börn með námserfiðleika.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- styrkja hæfni sína við að bera kennsl á mismunandi fötlun, helstu orsakir og einkenni fötlunar
- miðla upplýsingum um helstu einkenni fötlunar
- vinna í teymi rökstudda einstaklingsmiðaða þjálfunaráætlun vegna frávika
- nýta upplýsingatækni til að auka eigin skilning á áhrifum fötlunar á einstakling og fjölskylduna.

### Námsmat

Fjölbreytt leiðsagnarmat samofið kennslu, byggir á vinnu og virkni nema. Verkefni í formi einstaklings-, hópa-, umræðu- og netverkefni.

## Fatlanir og samfélagið

F-FÖFR2MF(3)

<b>Þrep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	100
<b>Námsgrein</b>	Fötlunarfræði
<b>Viðfangsefni</b>	Málefni fatlaðra í sögulegu ljósi

## Lýsing

Fjallað er um þróun í málefnum fatlaðra í sögulegu ljósi og ólíka hugmyndafræði að baki þjónustu sem fötluðum er veitt. Einnig er fjallað um lagalegan- og siðferðilegan rétt fólks með fötlun til þjónustu, m.a. til menntunar, búsetu og atvinnuþátttöku. Skoðuð er ýmis þjónusta fyrir fólk með sérþarfir og sjónum beint að mannréttindum, jafnrétti og lífsgæðum sem endurspeglast í góðri þjónustu. Rætt er hlutverk samfélagsins til mótunar viðhorfa almennt vegna fötlunar fólks.

Forkröfur: F-FÖFR1FP(3)

## Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ríkjandi hugmyndafræði um stöðu og réttindi fólks með fötlun
- gildandi lögum um þjónustu við fólk með fötlun varðandi menntun, atvinnu og búsetu
- þróun laga og hugmyndafræði í sögulegu ljósi
- umræðu fræðafólks um samfélag án aðgreiningar og um blöndun
- helstu hugtökum á stöðu fólks með fötlun, s.s. réttindi, skyldur, jafnrétti og mannvirðing
- mismunandi leiðum í nálgun tómsunda fyrir alla
- almennri þjónustu sem veitt er af ríki, sveitarfélögum og hagsmunasamtökum.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa gildandi lög um þjónustu við fólk með fötlun
- greina þróun laga og hugmyndafræði í sögulegu ljósi
- ræða ólíka sýn fræðimanna á samfélag án aðgreiningar og um blöndun
- nota og skilgreina hugtök er varða stöðu fólks með fötlun, s.s. réttindi, skyldur, jafnrétti og mannvirðingu
- afla og miðla upplýsingum til þjónustubega um almenna þjónustu veitta af ríki, sveitarfélögum og hagsmunasamtökum
- aðstoða einstaklinga við að leita réttar síns og nýta þjónustu sem þeir eiga rétt á
- afla upplýsinga um mismunandi leiðir í nálgun tómsunda fyrir alla.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- ræða stöðu og réttindi fatlaðs fólks, skoða ólík sjónarmið, vega og meta ákjósanlegustu leiðir í þjónustu
- setja mögulegar lausnir á almennri og sértækri þjónustu í samhengi út frá gildandi lögum
- varpa ljósi á tengsl í þróun hugmyndafræði, viðhorfa og laga á réttindi og þjónustu í dag
- upplýsa þjónustunotendur á hlutlausan hátt um opinbera og einkarekna þjónustu sem er í boði
- vinna sjálfstætt, koma til móts við og þjónusta fólk í ólíkum aðstæðum, deila þekkingu og fordómaleysi
- yfirfæra fyrri reynslu og þekkingu í tengslum við úrlausnir nýrra viðfangsefna.

## Námsmat

Fjölbreytt leiðsagnarmat samofið kennslu, byggir á vinnu og virkni nema. Verkefni í formi einstaklings-, hópa-, umræðu- og netverkefni.

## Gagnrýnin hugsun og siðfræði

F-SÍÐF2GH(9)

<b>Þrep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	100
<b>Námsgrein</b>	Siðfræði
<b>Viðfangsefni</b>	Gagnrýnin hugsun og siðfræði

## Lýsing

Námsþátturinn undirbýr nema fyrir ýmis störf í samfélaginu sem krefjast mikilla mannlegra samskipta. Fjallað er um helstu viðfangsefni siðfræðinnar s.s. siðareglur, gildi og viðmið, með áherslu á siðferðileg atriði og álitæfni sem eiga sérstaklega við starfsfólk í umönnun. Námsfólk fær þjálfun í að beita helstu kenningum siðfræði á klassísk vandamál, mál sem efst eru á baugi í samfélaginu á hverjum tíma auk þess að fá innsýn í siðareglur nokkurra starfsstétta í þjónustugreinum. Þá er munnleg og skrifleg þjálfun í rökfærslu og þjálfun í beitingu gagnrýnnar hugsunar almennt og að leggja mat á málefni af ýmsum toga.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

## Hæfniviðmið námsþátta

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu viðfangsefnum siðfræði
- reglusiðfræði og manngildi
- tilgangi siðareglna
- leiðum og aðferðum til að takast á við álitamál sem upp kunna að koma í starfi
- menningarlegri afstæðishyggju
- samfélagssáttmála
- lágmarkssiðferði
- borgaralegri óhlýðni
- siðferðilegum skyldum manna við dýr og náttúru
- röksemdafærslu við mat á siðferðilegum efnum.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- nota hugtök sem til umræðu eru við að skoða umhverfi sitt á gagnrýnninn hátt
- lesa fjölmiðla á gagnrýnninn hátt, m.a. með hliðsjón af siðferðilegum þáttum
- tjá sig með rökum hvort sem er í ræðu eða riti
- beita kenningum í umræðu
- hlusta á viðmælendur sína og bregðast við orðum þeirra.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- stuðla að uppbyggilegum samskiptum við samstarfsfólk, þjónustunotendur og annað fólk
- beita hugmyndum og kenningum heimspekilegrar siðfræði á mögleg mál við dagleg störf
- taka þátt í mótun siðareglna fyrir vinnustað
- setja sér siðferðileg markmið í einstökum þáttum væntanlegs starfs
- koma auga á og ræða ólík sjónarhorn í samskiptum við þjónustunotendur, t.d. notendur félags - og heilbrigðisþjónustu.

## Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat, munnlegt og skriflegt, samofið kennslu. Verkefni ýmist í formi einstaklings-, hópa-, umræðu- og netverkefni.



## Hegðun og atferlismótun

F-SÁLF2HM(36)

<b>Þrep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	100
<b>Námsgrein</b>	Sálfræði
<b>Viðfangsefni</b>	Hugræn atferlismeðferð

### Lýsing

Fjallað er um grunnþætti atferlismótunar, grunnhugtök virkrar skilyrðingar og hagnýtingu hennar í uppeldis- og meðferðarstarfi auk viðbragðsskilyrðingar. Einnig er rætt um jákvæða og neikvæða styrkingu, refsingu og slokkun. Kynning á og þjálfun í að greina þætti sem stjórna og viðhalda hegðun auk leiða sem þarf að hafa í huga þegar hegðun er skilgreind og mæld fyrir og eftir íhlutun. Þjálfun í beitingu aðferða til að ná fram eftirsóknarverðri hegðun og draga úr óæskilegri hegðun. Fjallað er um AHA líkanið (aðdragandi-hegðun-afleiðing) og fyrirbyggjandi aðferðir og úrræði í skólum. Loks eru ræddar árangursríkar leiðir til að gera samninga um hegðun við börn og unglunga og leiðir til að setja mörk. Nemar prófa að beita aðferðum atferlismótunar á vettvangi. Lagt upp úr því að nemar tengi fræðin við vinnu og starf á vettvangi.

**Forkröfur:** Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnhugtökum atferlismótunar og -greiningar
- tegundum umbunarkerfa
- gildi og beitingu jákvæðrar styrkingar - hvað ber að hafa í huga við val á styrkingu og beitingu slíkrar
- leiðum til að gera samninga um hegðun við börn og unglunga
- siðferðilegum álitamálum sem koma upp við beitingu atferlismótunar
- ólíkum tegundum atferlismótandi kerfa
- gildi jákvæðra viðhorfa og virðingar gagnvart einstaklingum sem unnið er með.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- beita aðferðum til að auka eftirsóknarverða hegðun hjá börnum og unglingum
- greina aðdraganda, hegðun og afleiðingar hegðunar út frá dæmum
- beita aðferðum til að draga úr óæskilegri hegðun
- skrá, mæla og skilgreina hegðun fyrir og eftir íhlutun
- greina þætti sem viðhalda óæskilegri hegðun
- fjalla um hugtök, gildi og hagnýtingu atferlismótunar í daglegu lífi
- ræða álitamál í tengslum við refsingar í atferlismótun
- smíða og beita umbunarkerfi.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- draga úr óæskilegri hegðun og auka eftirsóknarverða hegðun
- lýsa gildi jákvæðra viðhorfa og virðingar gagnvart einstaklingum
- setja skýr mörk og fylgja þeim eftir
- sjá kosti og ókosti ólíkra aðferða í atferlismótun og velja viðeigandi aðferðir
- nýta atferlismótandi aðferðir á starfsvettvangi og heima.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat, munnlegt og skriflegt, samofið kennslu. Verkefni ýmist í formi einstaklings-, hópa-, umræðu- og netverkefni.



## Íslenska fyrir félagssliða

F-ÍSLE2TT(67)

<b>Þrep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	100
<b>Námsgrein</b>	Íslenska
<b>Viðfangsefni</b>	Lestur, textavinna, tjáning

## Lýsing

Megin viðfangsefni er lestur, ritun, heimildavinna og tjáning. Lesin er ein íslensk nútímaskáldsaga eða ævisaga, auk smásagna og greina í fjölmiðlum. Ritun er í beinum tengslum við námsefni. Þjálfuð er myndun setninga, bygging efnisgreina, greinamerkjasetning, stafsetning, uppbygging lengri texta og málnotkun ásamt uppsetningu verkefna. Áhersla er á að nýta hjálpargögn sem mest svo sem orðabækur og stafsetningarforrit svo nemar verði meðvituð um annmarka sem felast í leiðréttingarforritum. Skrifuð eru stutt verkefni bæði starfslega hagnýt og tengd lestri bókmennta. Sem dæmi um hagnýt verkefni eru skýrslur og athuganir. Þá eru reglur um meðferð heimilda ræddar og skrifuð stutt heimildaritgerð í skrefum, með endurgjöf milli skrefa, í tengslum við félagsleg málvísindi. Í tjáningu er farið í flutning verkefna og aðferðir við fundarstjórn og hópvinnu.

Forkröfur: Íslenska á fyrsta þrepi, grunnskólapróf með B (7 eða hærra)

## Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- meginþáttum bókmennta samtímans og lestri greina ýmissa miðla
- uppbyggingu skriflegra verkefna, þ.m.t. reglur um meðferð og skráningu heimilda
- helstu þáttum í málnotkun, orðtök, málshættir, ritmál o.fl.
- félagslegum málvísindum svo sem mállýskur, máltaka barna, málanám og talgallar
- fundarstjórn og hópvinnu.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- túlka og fjalla um lesið bókmenntaverk
- velja og nýta sér möguleg hjálpartæki við námið
- rita verkefni, þ.m.t. gerð heimildaritgerðar í skrefum
- ræða um efni félagslegra málvísinda sem farið hefur verið yfir.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- kynna verkefni sín á skýran og greinargóðan hátt fyrir öðrum
- nýta fróðleiks og yndislestur til að styrkja persónulegan og faglegan þroska
- beita viðurkenndum aðferðum við notkun heimilda og fagleg textaskrif
- skipuleggja og taka þátt í fundum og hópavinnu.

## Námsmat

Fjölbreytt leiðsagnarmat samofið kennslu byggir á vinnu og virkni nema. Verkefni ýmist í formi einstaklings-, hópa-, umræðu- og netverkefni.

## Kynja- og jafnréttisfræðsla

F-KYNJ2KG(8)

<b>Þrep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	100
<b>Námsgrein</b>	Kynjafræði
<b>Viðfangsefni</b>	Kyn, jafnrétti, kyngervi

## Lýsing

Fjallað er um stöðu kynjanna í samfélaginu, staðan rædd og greind. Hugtök kynja- og hinseginfræða skoðuð og ígrunduð. Námsfólk rýnir eigið umhverfi og menningu með kynjagleraugum, orsakir og afleiðingar kynjakerfis. Birtingarmyndir kynjamisréttis og annars félagslegs misréttis eru ræddar í samhengi við áhrif misréttis á persónulega hamingju og samfélagslega velsæld. Meðal umfjöllunarefna eru vændi, kynhlutverk, klám, ofbeldi, mansal, staðalmyndir og fjölmiðlar. Nemar skrifa leiðabók um alla efnispætti námsþáttarins og viðra skoðanir sínar og upplifanir.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

## Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- stöðu kynja í samfélögum nær og fjær
- birtingarmyndum misréttis
- áhrifum fjölmiðla og staðalmynda á sjálfsmynd
- tengslum kynhlutverka og vinnumarkaðar
- samhengi félagsmótunar, viðhorfa og væntinga
- mikilvægi vitundarvakningar á félagslegum vandamálum
- hugtökum kynjafræðinnar.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- beita kynjagleraugum á félagslegan veruleika samfélagsins
- taka þátt í rökræðu um stöðu kynjanna og orsakir misréttis
- setja sig í spor annarra
- meta og taka afstöðu til ólíkra jafnréttismála
- rýna eigin viðhorf og væntingar.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- glöggva sig á eigin stöðu m.t.t. kyns
- setja eigin persónu í samhengi félagsmótunar og kynhlutverka
- meta og taka afstöðu til ólíkra jafnréttismála
- fjalla um helstu orsakir mismununar kynja út frá hugmyndum kynjafræði
- rýna og ræða valdatengsl í samfélaginu
- yfirfæra ójafnrétti eins hóps á annan.

## Námsmat

Fjölbreytt leiðsagnarmat samofið kennslu byggir á vinnu og virkni nema. Verkefni ýmist í formi einstaklings-, hópa-, umræðu- og netverkefni.

## Lyfjafræði

F-LYFJ2LF(8)

<b>Þrep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	100
<b>Námsgrein</b>	Lyfjafræði
<b>Viðfangsefni</b>	Lyfjafræði fyrir félagsliða

### Lýsing

Fjallað er almennt um lyf og hugtök sem notuð eru í lyfjafræði s.s. lyfjaform, ábendingar, frábendingar, aukaverkanir, frásög, skammtastærðir, flokkun lyfja, helmingunartíma, læknisfræðilegan stuðul, aðgengi og meðhöndlun lyfja. Farið yfir flokkunarkerfi lyfja og teknir fyrir helstu flokkar sem tengjast algengum sjúkdómum og kvillum. Í því samhengi er m.a. fjallað um geðlyf, lyf við hjarta-, æða- og meltingarsjúkdómum, sykursýki, stoðkerfisvanda og -verkjum, húð- og öndunarferasjúkdómum. Áhersla á að nemar öðlist leikni í að afla sér hagnýtra upplýsinga um lyf, fjallað er um mikilvæg atriði tengd lyfjaformi og lyfjagjöf og að auki rædd ýmis álitamál í tengslum við misnotkun lyfja.

**Forkröfur:** Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu lyfjaflokkum við algengum sjúkdómum og kvillum
- ATC -flokkunarkerfi lyfja
- hugtökum um virkni lyfja, frásög, umbrot og útskilnað úr líkamanum
- mikilvægi öflunar áreiðanlegra upplýsinga um lyf
- helstu atriðum varðandi lyfjaform og lyfjagjöf
- lyfjamisnotkun og ávanahættu ákveðinna lyfja.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa og greina upplýsingar í fylgiseðlum lyfja
- afla mikilvægra upplýsinga um lyf og að leita upplýsinga með mismunandi hætti í sérlyfjaskrá
- aðstoða þjónustunotendur við notkun ýmissa lyfjaforma
- afla upplýsinga um algeng lyf sem tengjast lyfjamisnotkun.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- miðla upplýsingum um lyf til þjónustunotenda
- bera saman tengsl aukaverkana lyfja við verkun þeirra
- ræða ýmis álitamál tengd misnotkun á lyfjum
- leiðbeina og aðstoða þjónustunotendur við töku tiltekinna lyfjaskammta.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat, munnlegt og skriflegt, samofið kennslu. Verkefni ýmist í formi einstaklings-, hópa-, umræðu- og netverkefni.

## Næringarfræði

F-NÆRG2NF(4)

<b>Þrep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	100
<b>Námsgrein</b>	Næringarfræði
<b>Viðfangsefni</b>	Grunnþættir í næringarfræði

### Lýsing

Kynntir eru grunnþættir næringarfræði, hvað er hollt eða óhollt, mikilvægi meðvitundar um eigin ábyrgð á góðri næringu og virði góðra neysluvenja fyrir heilbrigða þjóð. Fjallað er um öll helstu næringarefni, hlutverk, dagsþörf og skortseinkenni. Farið yfir ráðleggingar um mataræði og næringu, fæðuhringinn og skoðaðar kannanir á mataræði Íslendinga. Kynntar eru merkingar matvæla, aukæfni í matvælum auk matarsýkinga og matareitrana. Farið er í næringu ólíkra hópa s.s. næringu á meðgöngu, næringu barna, næringu íþróttafólks og næringu aldraðra. Nemar reikna út orkuinnihald og næringargildi, túlka ráðleggingar um mataræði og merkingar matvæla, gera matseðla og ráðleggja ólíkum hópum um mataræði.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hlutverki næringarefna, dagsþörf einstaklings og skortseinkennum
- ráðleggingum um mataræði og næringu fyrir almenning
- rannsóknnum á mataræði í íslensku samfélagi
- tengslum næringar við sjúkdóma og heilsu fólks
- næringu fyrir ólíka hópa, s.s. ungbörn, þungaðar konur, aldraða og íþróttafólk
- sérfræði fyrir sjúklinga
- innihaldslýsingum matvæla og merkingum um næringargildi
- samsetningu matseðla og hvernig hægt er að reikna út orku og innihald næringarefna.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- skipuleggja eigið mataræði með gerð matseðla
- afla sér áreiðanlegra upplýsinga um heilsusamlegt mataræði
- nýta lýsingar á innihaldi og næringargildi matvæla við gerð matseðla
- reikna út orku og innihald næringar matvæla
- setja saman matseðla fyrir ólíka hópa fólks.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- velja heilsusamlegt mataræði
- útskýra munnlegar og myndrænar ráðleggingar um mataræði og næringarefni
- meta áreiðanleika upplýsinga um heilsusamlegt mataræði
- meta hollustugildi matvæla út frá innihaldslýsingum og lýsingu á næringargildi
- skipuleggja heilsusamlegt mataræði fyrir mismunandi hópa fólks.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat, munnlegt og skriflegt, samofið kennslu. Verkefni ýmist í formi einstaklings-, hópa-, umræðu- og netverkefni.

## Óhefðbundin samskipti

F- ÓHSA2ÓS (3)

<b>Þrep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	100
<b>Námsgrein</b>	Óhefðbundin samskipti
<b>Viðfangsefni</b>	Óhefðbundin samskipti

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að undirbúa námsfólk með umfjöllun og umræðum undir margs konar ólík samskipti við einstaklinga í ýmsum aðstæðum. Fjallað er um þróun í óhefðbundnum samskiptum og nýjustu stefnur kynntar og ræddar. Nemar fá æfingu og þjálfast í aðferðum til að bregðast við og takast á við streituvaldandi aðstæður, meðvirkni og kvíða. Fjallað er um mikilvægar leiðir til að setja mörk í samskiptum og verjast ágengni. Þá er áhersla á gildi virðingar og fordómaleysis gagnvart skjólstæðingum, aðstandendum og fólki almennt. Ýmis verkefni og umræður í beinum tengslum við efnistöð.

Forkröfur: Samskipti á þrepi 1 (F-SAMSS1SS(9))

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- óhefðbundnum samskiptaleiðum
- mikilvægi markvissrar spurningatækni og málamiðlun (pictogram (skýringamynd), teacch, bliss ofl.)
- gildi uppbyggilegra og jákvæðra samskipta
- áhrifum og túlkun á líkamstjáningu
- streituvíðbrögðum við áföllum
- að setja (eðlileg) mörk
- eigin styrkleikum og veikleikum í starfi.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa í líkamstjáningu og óhefðbundin samskipti fólks
- beita uppbyggilegum samskiptaleiðum, m.a. hvatning og jákvæðni
- lesa í (erfið) samskipti og setja ágengu fólki mörk
- nota mismunandi samskiptaleiðir við fólk sem notar óhefðbundin samskipti
- takast á við streituvíðbrögð skjólstæðinga.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- geta beitt óhefðbundnum og lausnamiðuðum samskiptaáferðum á markvissan hátt
- setja sér og öðrum (eðlileg) mörk í erfiðum og ágengum aðstæðum
- ræða og útskýra gildi skýrra og fordómalausra samskipta.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat samofið kennslu, byggir á vinnu og virkni nema. Verkefni ýmist í formi einstaklings-, hópa-, umræðu- og netverkefni.

## Samvinna og samskipti

F-SAMS1SS(9)

<b>Þrep</b>	1
<b>Vinnustundir</b>	100
<b>Námsgrein</b>	Samskipti og þjónusta
<b>Viðfangsefni</b>	Samskipti, þjónusta

### Lýsing

Fjallað er um mikilvægi góðrar samskiptafærni og hvernig ólík framkoma getur tengst líðan og árangri í lífi og starfi. Áhersla á að námsfólk verði meðvitað um eigin ábyrgð og um áhrif framkomu þeirra / annarra á umhverfi og fólk. Samskiptafærni nema er styrkt og eflað markvisst meðal annars með umfjöllun um eigin hugsanir, formleg og óformleg samskipti, gerðir hlustunar, hrós, gagnrýni og úrlausn ágreinings. Nemar fá þjálfun í að efla með sér þætti sem stuðla að uppbyggilegum persónulegum og faglegum samskiptum. Fjallað er um gildi og eðli samskipta og tekin fyrir grunnatriði í samtalsækni.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ólíkum samskiptaformum og áhrifum þeirra á fólk
- mikilvægi fordómaleysis og skýrra samskipta
- lausnarmiðuðum samskiptum við þjónustunotendur og samstarfsaðila
- hvatningu og fjölbreyttum leiðum til að hrósa
- gildi uppbyggilegrar gagnrýni sem viðtakandi og veitandi
- ólíkri nálgun í samskiptum við þjónustunotendur svo sem eftir aldri og sérþörfum þeirra.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- greina helstu áhrifaþætti í framkomu fólks
- beita fordómalausum og skýrum samskiptum
- takast á við ábyrgðarhlutverk og verkefnastjórn
- nota hvatningu og fjölbreyttar leiðir til að hrósa
- nýta uppbyggilega gagnrýni.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- beita lausnarmiðuðum samskiptum
- nota fjölbreyttar leiðir til að hrósa og hvetja, markvisst og uppbyggilega
- beita uppbyggilegri gagnrýni á vettvangi vinnunnar.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Nemar kynna eigin verkefni og niðurstöður.

## Skyndihjálp

F-SKYN2SP(11)

<b>Þrep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	20
<b>Námsgrein</b>	Skyndihjálp
<b>Viðfangsefni</b>	Grunnnámskeið, skyndihjálp á slysstað

### Lýsing

Fjallað er um rétt viðbrögð á slysstað, skoðun og mat. Námsfólk fær þjálfun í endurlífgun og meðferð við helstu tegundum blæðinga, lost og viðbrögð við lostástandi. Helstu tegundir sára, umbúða og sárabinda. Rætt um bruna, helstu orsakir og flokkun brunasára, rétt viðbrögð og skyndihjálp vegna brunasára. Helstu höfuð-, háls- og hryggáverkum eru gerð skil ásamt brjóst-, kvið- og mjaðmaáverkum og fjallað um bestu viðbrögð. Einnig er farið í beina-, liðamóta- og vöðvaáverka. Æfð er spelkun vegna útlímaáverka. Fjallað er um bráðasjúkdóma, eitranir, bit og stungur. Skoðuð eru mikilvæg viðbrögð við kali og ofkælingu og háaska af völdum hita. Gerð er grein fyrir björgun og flutningi einstaklinga af slysstað.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hugmyndafræði skyndihjálpar
- dauðadái og endurlífgun
- losti og viðbrögðum við því
- helstu tegundum sára og viðbrögðum við þeim
- mati á brunasárum
- helstu höfuð-, háls-, hryggjar-, brjóst-, kvið-, mjaðma-, beina-, liðamóta- og vöðvaáverkum
- skyndihjálp við bráðum sjúkdómum
- helstu forvörnum gegn kali, ofkælingu og ofhitnun.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- framkvæma skoðun og mat á slösuðum einstaklingum
- bregðast við yfirvofandi lostástandi
- viðbrögðum við bruna
- bregðast við helstu höfuð-, háls-, hryggjar-, brjóst-, kvið-, mjaðma-, beina-, liðamóta- og vöðvaáverkum
- spelka brot / tognun
- bregðast rétt við dauðadái.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- beita fyrstu hjálpi við slasaða og/eða bráðveika einstaklinga þar til hjálpi fagfólks tekur við
- búa um helstu tegundir blæðinga og sára
- meta og veita fyrstu hjálpi varðandi brunasár
- meta og veita fyrstu hjálpi við helstu höfuð-, háls-, hryggjar-, brjóst-, kvið-, mjaðma-, beina-, liðamóta- og vöðvaáverkum
- meta og veita fyrstu hjálpi við kali, ofkælingu og ofhitnun.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat, munnlegt og skriflegt, samofið kennslu. Verklejar æfingar og virkni nema í tímum auk munnlegra og skriflegra verkefna.

## Stærðfræði fyrir félagsliða

F-STÆR2EÆ(123)

<b>Þrep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	100
<b>Námsgrein</b>	Stærðfræði
<b>Viðfangsefni</b>	Töflureiknir, tölfræði, líkindi

### Lýsing

Fyrri hlutinn snýst um kynningu og þjálfun í undirstöðuatriðum í notkun töflureiknis. Seinni hlutinn snýst um helstu verkefni tölfræði og komið er inn á grunnþætti líkinda. Nemar þjálfast í að lesa úr tölulegum gögnum og tengja við myndræna framsetningu. Lesa upplýsingar úr töflum, línu-, stöpla- og skífuritum ásamt því að teikna slík rit (myndir), einkum með aðstoð töflureiknis. Unnið með meðaltal, miðgildi, tíðasta gildi og tíðni ásamt gagnasöfnun. Farið yfir einfalda framsetningu tölulegra gagna, m.a. með myndritum og helstu formúlur í töflureikni notaðar. Notuð og kynnt hugtök tölfræðirannsókna, s.s. þýði, úrtak, óvissuvaldar í rannsóknum og misnotkun á tölfræði.

Forkröfur: Stærðfræði á fyrsta þrepi, grunnskólapróf með B (7 eða hærra)

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnatriðum í notkun töflureikna
- undirstöðu fyrir lýsandi tölfræði
- helstu hugtökum fyrir gagnasöfn og tölfræði
- hugtökum s.s. meðaltal, vegið meðaltal, miðgildi, tíðasta gildi og tíðni ásamt frávikum
- einfaldri framsetningu og formúlum í töflureikni
- tölfræðirannsóknum, þýði, úrtaki, óvissuvaldum
- líkindahugtakinu ásamt útkomu, atburði og útkomurúm.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- nota töflureikni til að beita viðeigandi aðferðum við úrlausnir tölfræðiverkefna
- vinna tíðnitöflu úr gagnasafni
- reikna helstu gildi sem lýsa gagnasöfnum, s.s. tíðasta gildi, meðaltal, vegið meðaltal og miðgildi
- nota töflureikna til að vinna úr tölfræðilegum gögnum
- lesa úr töflum, línu-, stöpla- og skífuritum og teikna slík rit með aðstoð töflureiknis.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- beita viðeigandi aðferðum við lausnir verkefna með töflureikni
- tengja saman almenn tölfræðileg hugtök og myndrænt efni
- greina og nýta upplýsingar úr daglegu lífi með því að nota töflureikni
- iðka gagnrýni á tölfræðiupplýsingar og ræða um misbeitingu tölfræði s.s. hlutföll og myndræna framsetningu.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Leitast er við að nemar komi að matinu s.s. með jafningja- og sjálfsmati. Verkefni ýmist í formi einstaklings-, hópa-, umræðu- og netverkefni.



## Upplýsingatækni

F-UPPT2UT(8)

<b>Þrep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	100
<b>Námsgrein</b>	Upplýsingatækni
<b>Viðfangsefni</b>	Tölvunotkun, upplýsingamennt

### Lýsing

Hæfni nema í tölvu- og upplýsingatækni er eflid með þjálfun sem byggir á skilningi við almenna tölvuvinnslu. Fjallað um notkun tölvupósts og tengdra forrita til samnýtingar og samþættingar annarra forrita auk almennra samskipta á Netinu (boðorðin 10). Þá er fjallað um og þjálfuð færni í notkun algengasta hugbúnaðar fyrir ritvinnslu, töflureikni og kynningar (glærugerð). Námsfólk fær þjálfun í framsetningu upplýsinga á margvíslegu formi við vinnslu verkefna. Fjallað um tölvubúnað og hvernig best má hagnýta hann í námi og starfi. Fjallað er um almenn atriði upplýsingalæsis, m.a. er farið yfir upplýsingaöflun, útgáfuform upplýsinga, bókasöfn, handbækur og tölvusamskipti.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hugbúnaði fyrir ritvinnslu, töflureikni, kynningum og tölvupósti
- uppsetningu efnis í hugbúnaði sem notaður er
- tölvukerfi fræðsluaðila
- mikilvægi þess að vanda sig í samskiptum í tölvupósti og á neti
- skráningu og notkun heimilda.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- ræða upplýsingasöfnun og tengd málefni
- vinna skipulega að verkefnum með tölvuhugbúnaði
- afla og flokka gögn
- setja upp efni í ritvinnslu og glærugerð
- nota vönduð samskipti í tölvupósti og á samfélagsmiðlum.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- beita gagnrýni við heimildaleit og -notkun af netinu
- hagnýta hugbúnaðinn til að nýta hann sem best.

### Námsmat

Fjölbreytt leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Verkefni ýmist sem einstaklings-, hópa-, umræðu- og netverkefni.

## Öldrun

F-ÖLFR1ÖL(3)

<b>Þrep</b>	1
<b>Vinnustundir</b>	100
<b>Námsgrein</b>	Öldrunarfræði
<b>Viðfangsefni</b>	Öldrun

## Lýsing

Fjallað um öldrun og öldrunarferli út frá kenningum og hugmyndum sál- og félagsfræði um öldrunarferlið, þ.e. helstu líkamlegar, sálrænar og félagslegar breytingar sem fylgja því að eldast. Ræddar helstu líkamlegu breytingar út frá líffærakerfum og fjallað um félagslegar og sálrænar breytingar sem fylgt geta öldrun, starfslokum, breytingum á fjölskylduformi og hagsmunamál aldraðra. Vikið er að mögulegum persónulegum, félagslegum og umhverfislegum breytingum. Rætt um vanrækslu og ofbeldi gagnvart öldruðum.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

## Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- aldurshugtakinu og afstæði aldurs
- helstu líkamlegu, félagslegu og andlegu breytingum sem geta fylgt því að eldast
- áhrifum sem helstu líkamlegar breytingar/sjúkdómar geta orsakað
- álitamálum sem tengjast meðferð við lífslok (lífslokameðferð)
- vanrækslu og ofbeldi gagnvart öldruðum innan fjölskyldna og víðar
- breyttu hlutverki og samskiptum
- mikilvægi farsældar á efri árum.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- ræða kenningar um öldrun, aldurshugtakið og afstæði aldurs
- ræða frávík frá eðlilegu öldrunarferli
- útskýra áhrif ýmissa líkamlegra breytinga á líf aldraðra
- túlka álitamál sem tengjast meðferð við lífslok og faglegri þjónustu til að bæta líðan
- lýsa áhrifum sem starfslok geta haft á líf einstaklinga
- setja breytt hlutverk og samskipti í samhengi við farsæld og hamingju á efri árum.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- gera grein fyrir helstu líkamlegu og félagslegu breytingum sem fylgja því að eldast
- fjalla um eðlilegt öldrunarferli og kenningar um öldrun
- útskýra hvernig aldur getur haft áhrif á skapgerð, heilsu, svefnþörf, heyrn, sjón, heilastarfsemi og félagslegt hlutverk
- draga fram í meginatriðum persónuleikasálfræði öldrunar
- útskýra möguleg áhrif starfsloka
- ræða vanrækslu og ofbeldi gagnvart öldruðum
- fjalla um farsæld og hamingju á efri árum.

## Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat, munnlegt og skriflegt, samofið kennslu og byggir á vinnu og virkni nema. Verkefni ýmist sem einstaklings-, hópa-, umræðu- og netverkefni.

## Öldrun og samfélag

F-ÖLFR2ÖS(4)

<b>Þrep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	100
<b>Námsgrein</b>	Öldrunarfræði
<b>Viðfangsefni</b>	Öldrun og samfélag

### Lýsing

Fjallað er um ríkjandi hugmyndafræði hérlendis í öldrunarmálum og helstu stefnur fyrir þjónustu við aldraða. Unnið með og í tengslum við lög, reglugerðir og réttindi aldraðra til þjónustu. Þjónusta við aldraða er skoðuð í sögulegu ljósi, hvernig þarfir og þjónusta hafa breyst í takt við breytingar í samfélaginu. Umfjöllun og umræða um stöðu og almenna þátttöku aldraðra í samfélaginu, um sjálfræði og siðferðileg álitamál í þjónustu við eldri borgara, s.s. þjónustu á heimili, þjónustu við val á búsetu, félagsstarf og fleira. Rætt um breytta sýn eldri borgara á eigið líf, væntingar, þarfir og þróun fjölskyldutengsla.

Forkröfur: F-ÖLFR1ÖL (3)

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þróun stefnu í öldrunarþjónustu á Íslandi
- lögum um málefni aldraðra
- helstu þáttum félagslegrar þjónustu
- hugmyndafræði og stefnu um sjálfræði aldraðra
- ólíkum aðstæðum eldri borgara í síbreytilegu samfélagi
- fjölbreyttu félagsstarfi aldraðra víða um land
- stöðu aldraðra í samfélagi samtímans.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- afla upplýsinga um opinbera og óopinbera (einkarekna) þjónustu ætlaða eldri borgurum
- skoða og ræða hugmyndafræði um sjálfræði aldraðra
- bera saman og vinna með fjölbreyttar aðstæður eldri borgara í síbreytilegu samfélagi
- veita öldruðum upplýsingar um réttindi þeirra og mögulega þjónustu
- gera grein fyrir fjölbreyttu félagsstarfi aldraðra víða um land
- ræða eigið mat á stöðu aldraðra í nútímasamfélagi.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- ræða þróun og stefnu í öldrunarþjónustu og afleiðingar sem breytingar á hugmyndafræði geta haft
- leiðbeina þjónustunotendum um gildi félagslegrar þjónustu
- miðla hugmyndafræði um sjálfræði aldraðra, greina og rökstyðja álitamál
- segja frá fjölbreyttu félagsstarfi aldraðra víða um land
- túlka / lýsa stöðu aldraðra í nútímasamfélagi.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat, munnlegt og skriflegt, sem byggir á vinnu og virkni nema. Verkefni ýmist sem einstaklings-, hópa-, umræðu- og netverkefni.

## Viðaukar

Hér fyrir neðan eru þrjár töflur sem sýna námsþætti (áfanga) námskrárinnar og aðra námsþætti í tengslum við hana. Töflurnar eru settar fram svo sjá megi á fljótlegan hátt hvernig best hentar að tengja og koma saman námi til námsloka þessarar námskrár, ásamt því sem mögulega stendur eftir til námsloka sem félagsliði.

Tafla yfir möguleika sem fyrir eru varðandi mat á bæði námi sem þegar er lokið og starfi sem sinnt hefur verið og telst til geirans.

Þá er tafla yfir nám sem ljúka þarf í framhaldsskóla fyrir nema sem vilja ljúka námi til starfsréttinda sem félagsliði. Einnig er tafla yfir fög sem gerð er krafa um að fólk hafi lokið, undanfara, við inngöngu í nám samkvæmt þessari námskrá. Krafa um undanfara er hér til samræmis við kröfu framhaldsskóla um inngöngu í nám fyrir félagsliða.

Allt nám sem lokið er samkvæmt þessari námskrá er að fullu metið inn til námsloka fyrir félagsliða á þriðja hæfniprepi.

Tafla 2 – mögulegt mat, þrep 1 og 2
Tafla 3 – undanfarar sem gæti vantað, þrep 1, ekki hluti námsbrautar
Tafla 4 – framhald til námsloka félagsliða, þrep 3
Staðfesting frá Borgarholtsskóla um mat á námi námskrár þessarar

## Yfirlit yfir mögulegt mat / stöðupróf einstakra námsþátta

Inn í námið er möguleiki á mati á starfstíma til styttingar á námstíma. Einnig er möguleiki á mati einstakra námsþátta sem eru í námskránni. Metið er almennt eða með raunfærnimati. Líkamsrækt er ekki talin með í náminu og ekki gert ráð fyrir að nemar taki þær fjórar einingar sem dagskóli gerir.

Tafla 2: Námsþættir á hæfniprepi eitt og tvö, skipulag

Tími er í klukkustundum

Nafn námsþátta	Skammstöfun BHS namskra.is	Klst. heild	Skammstöfun FA namskra.is	Ein- ing	þrep
Aðstoð og umönnun	ASUM2UA05_3	100	F-ASUM2UA (5)	5	2
Einstaklingur, fjölskylda og samfélag (Lífsleikni)	LÍLE1GM05_1	100	# í FA-námskrá	5	1
Fagenska fyrir félags- og uppeldisgreinar	ENFU2FE05_1	100	F-ENSK2FK (79)	5	2
Félagsleg virkni	FÉVI2FV05_1	100	F-FÉVI2FV (3)	5	2
Fötlun (Fatlanir, FTL1A05)	FÖFR1MF05_1	100	F-FÖFR1FP (3)	5	1
Gagnrýnin hugsun og siðfræði	SIÐF2GH05_7	100	F-SIÐF2GH (9)	5	2
Heilsa og lífstíll (HLÍ1A05)	HLSE1ÍP05_3	100	# í FA-námskrá	5	1
Hússtjórn og matreiðsla (HÚS1A05)	HÚSS1AG05_6	100	# í FA-námskrá	5	1
Íslenska (lestur, textavinna og tjáning)	ÍSLE2TT05_61	100	F-ÍSLE2TT (67)	5	2
Næringarfræði (NÆR2A05)	NÆRI2GR05_4	100	F-NÆRG2NF (4)	5	2
Samvinna og samskipti (SAS1A05)	SAMS1SS05_2	100	F-SAMS1SS (9)	5	1
Uppeldisfræði (UPP2A05)	UPPE2UF05_24	100	# í FA-námskrá	5	2
Upplýsingatækni	UPPT2UT05_2	100	F-UPPT2UT (8)	5	2
Vinna, umhverfi og öryggi (VUM1A05) (atvinnufr.)	ATFR1VÖ05_1	100	# í FA-námskrá	5	1
Öldrun (ÖLD1A05)	ÖLFR1ÖL05_1	100	F-ÖLFR1ÖL (3)	5	1
Vinnustaðanám 1 (VIN2A10)	VAPÓ2VN15_5	200	# í FA-námskrá	15	2
Vinnustaðanám 2 (VIN3A10)	VAPÓ3FR05_5	200	# í FA-námskrá	5	3
Alls á þrepi 1				35	1
Alls á þrepi 2				55	2
Alls á þrepi 3				5	3
Alls einingar mögulegar til mats		#		95	

ATH! Tölur í sviga (dálkur: Skammstöfun FA) vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is  
 Innan sviga (dálkur: Nafn námsþáttar) er skammstöfun af vef BHS.

## Yfirlit yfir mögulega undanfara á hæfniprepi eitt – gæti vantað í upphafi náms

Námsþættir á þrepi eitt telja ekki til námsloka en krafa er um undanfara

Tafla 3: Námsþættir á hæfniprepi eitt, skipulag

Tími er í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Eining	þrep
Enska á 1. þrepi – ef þarf	á ekki við			1
Stærðfræði á 1. þrepi – ef þarf	á ekki við			1
Íslenska á 1. þrepi – ef þarf	á ekki við			1
<b>Vinnuframlag námsmanns</b>		#	#	

## Yfirlit yfir framhald til námsloka á hæfniprepi þrjú

Félagsliðabraut í framhaldsskóla

Tafla 4: Námsþættir á hæfniprepi þrjú, skipulag

Tími er í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Eining	þrep
Félagsleg virkni og starfsendurhæfing	FÉVI3SE05_1	100	5	3
Félagssálfræði	SÁLF3FS05_33	100	5	3
Fjölskyldan og sálsgæsla (FJF3A05)	FSFP3FS05_2	100	5	3
Geðheilbrigði og samfélagið	GESA3GM05_1	100	5	3
Geðsálfræði	SÁLF3GS05_34	100	5	3
Proskasálfræði	SÁLF3PS05_19	100	5	3
Starfsþjálfun 10 vikur	STFÉ3SJ20_1	400	20	3
Stjórn, hagur og siðfræði	STHS3FH05_2	100	5	3
Öldrun og lífsgæði *	ÖLFR3ÖL05_1	100	5	3
Fatlanir, viðhorf og þjónusta *	FÖTL3FL05_1	100	5	3
<b>Vinnuframlag námsmanns</b>		1200	<b>60<sup>2</sup></b>	3

\* Val milli námsþátta er bundið val. Nemi velur annan tveggja námsþátta á þriðja þrepi í framhaldi af valfagi á öðru þrepi.

<sup>2</sup> Val er um annað hvort á fötlunarlínu eða öldrunarlínu.



Borgarholtsskóli

Til þess er málið varðar:

Það staðfestist hér með að Borgarholtsskóli mun að fullu meta nám á félagsliðagátt, sem skilgreind er í námskrá saminni og útgefinni af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, sem hluta af námi á félagsliðabraut skólans. Nám á félagsliðagátt telst samsvara 86 einingum.

Reykjavík 5. október 2021



Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir  
Skólameistari

